

Ungsveit SÍ

.....
SUNNUDAGUR 06.11.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Fimmta sínfónía Mahlers tekur um 75 mínútur í flutningi.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verksins.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verður þeim útvarpað á Rás 1 kl. 19.00 að kvöldi fimmtudagsins 17. nóvember.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. NÓVEMBER 2011 KL. 14.00

Baldur Brönniman hljómsveitarstjóri

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 5 í cís-moll (1901–02)

Erster Teil/Fyrsti hluti:

I. Trauermarsch. In gemessenem Schritt. Streng.

Wie ein Kondukt

II. Stürmisch bewegt, mit größter Vehemenz

Zweiter Teil/Annar hluti:

III. Scherzo. Kräftig, nicht zu schnell

Dritter Teil/Þriðji hluti:

IV. Adagietto. Sehr langsam

V. Rondo-Finale. Allegro – Allegro giocoso. Frisch

Baldur Brönniman

hljómsveitarstjóri



„Brönnimann stjórnar tónlistinni með slíkri sannfæringu að maður missir andann af hrifningu.“ Þannig komst gagnrýnandi skoska blaðsins *The Herald* að orði um svissneska hljómsveitarstjórann Baldur Brönniman, sem nú stjórnar á Íslandi í fjórða sinn. Hann hefur þrisvar stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst með afar stuttum fyrirvara árið 2003 og þótti standa sig með eindæmum vel, og kom aftur til landsins til að stjórna afmælistónleikum Atla Heimis Sveinssonar í mars 2009, og rússneskri efnisskrá fyrr á þessu ári.

Brönniman var skipaður aðalstjórnandi Þjóðarhljómsveitar Kólumbíu í Bogota árið 2008, og er einnig listrænn stjórnandi norsku kammersveitarinnar BIT20. Hann debúteraði við Ensku þjóðaróperuna 2008 og stýrði þar óperu *Ligetis*, *Le Grand Macabre*, árið 2009 við góðar undirtektir. Hann hefur stjórnað við Teatro Colón í Buenos Aires og stýrði sviðsuppfærslu á *Oedipus Rex* eftir Stravinskíj á Listahátíðinni í Bergen fyrr á árinu. Þá hefur hann stjórnað Skosku kammersveitinni, Þjóðarhljómsveitinni í Wales, Fílharmóníuhljómsveitinni í Seoul í Kóreu, Sinfóníuhljómsveitinni í Luzern, og Palestínsku þjóðarhljómsveitinni á tónleikum í Ramallah, Jerúsalem og Haifa.

Brönnimann hefur starfað mikið með æskulýðshljómsveitum, m.a. í Kólumbíu, Skotlandi og Ástralíu, og heldur meistaranámskeið víða um heim. Brönniman nam sjálfur við Tónlistarakademiuna í Basel og Royal Northern College of Music í Manchester, þar sem hann lærði hjá Kent Nagano og Sir Edward Downes.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Það má með sanni segja að Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé framtak sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Undanfarin tvö ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð frábærum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfærалеikara og stjórnenda.

Margóft hefur verið sýnt fram á að tónlistarmenntun er sterkt afl í uppeldi og menntun ungs fólks. Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með námskeiðum Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum tækifæri til að kynnst hinum sínfóníska heimi og að þjálfna nemendur í hljómsveitarleik á atvinnustigi. Nemendur þurfa að standast þrífuspil og til þeirra eru gerðar strangar kröfur, en árangurinn hefur verið glæsilegur og hinir ungu hljóðfærалеikarar hafa lyft grettistaki með samstilltu átaki sínu.

Hljómsveitin er nú skipuð um 80 ungmönnum, en í maí síðastliðnum voru haldin þrífuspil þar sem yfir 130 hljóðfæránemar kepptu um sæti. Aðstæður og umgjörð þrífuspilanna voru með sama hætti og þegar hljóðfærалеikarar spila um stöður í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Æfingar Ungsveitarinnar hafa staðið frá 15. október, en þær fara að mestu fram í Hörpu og eru skipulagðar með sama hætti og æfingar SÍ.

Þetta eru þriðju tónleikar Ungsveitar SÍ, en áður hefur hún leikið undir stjórn Rumons Gamba, 5. sínfóníu Sjostakovítsj og sínfóníu nr. 4 eftir Tsjaikovskíj. Fljótlega verður tilkynnt um næsta verkefni Ungsveitarinnar og verða þrífuspil auglýst nánar snemma á næsta ári.

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 5



Árið 1897 fluttist tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Gustav Mahler (1860– 1911) til Vínarborgar og tók við tónsprotanum við Fílharmoníuna og Vínaróperuna. Hann var þróttmikill og metnaðarfullur stjórnandi en ætlaði sér of mikið og stofnaði með því heilsu sinni í hættu. Þann 24. febrúar 1901 stjórnaði Mahler fimmtu sinfóníu Bruckners á síðdegistónleikum og *Töfraflautu* Mozarts um kvöldið. Strax að flutningi loknum veiktist hann alvarlega og var fluttur á sjúkrahús með innvortis blæðingar. Hann náði heilsu á ný, en dauðinn var honum ofarlega í huga eftir þetta og hann var þess fullviss að dagar hans væru senn taldir. Þetta sama sumar dvaldi hann í fyrsta sinn í nýju sumarhúsi sínu við Wörther-vatn, og eins og hann átti vanda til notaði hann sumarmánuðina eingöngu til tónsmíða. Þegar tónleikahald hófst aftur um haustið hafði hann lokið við tvo fyrstu kafla fimmtu sinfóníunnar, auk þriggja Barnadauðasöngva (*Kindertotenlieder*) og fjögurra laga við ljóð eftir Friedrich Rückert.

Fimmta sinfónían markar nokkur tímamót á tónskáldsferli Mahlers, því að í fyrsta sinn síðan í frumraun sinni notar hann hljómsveit án einsöngvara eða kórs. Þó eru áhrif sönglagsins ekki langt undan. Lokapátturinn hefst á tilvitnun í eitt af hinum gamansömu *Wunderhorn*-lögum Mahlers, *Lob des hohen Verstandes*. Sinfónían er eitt áhrifamesta dæmið um „brotakenndan“ tónsmíðastíl Mahlers, sem samtímamenn hans höfðu oft og tíðum lítinn skilning á. Einn gagnrýnandi sagði að sinfóníur hans væru „ekki annað en sinfónískt samsull“. Vissulega þrífst tónlist Mahlers á sterkari andstæðum, og harkalegar framsettum, en hafði áður tíðkast. Framvindan er öldungis óútreiknanleg, verkið getur brotnað niður eða risið upp á nýjan leik fyrirvaralaust, og innan þess rúmast allar tegundir tónlistar: klezmer-lög og lúðrasveitarmúsík eiga þar jafnan tilverurétt og fagaðir Vínarvalsar eða djúphugul sálmalög.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Æskunnar undir stjórn Pauls Zukofsky frumflutti 5. sinfóníu Mahlers á Íslandi haustið 1982. Það er því sérstakt ánægjuefni að tæpum þremur áratugum síðar skuli ungt íslenskt tónlistarfólk aftur spreyta sig á verkinu. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið sinfóníuna í heild fimm sinnum, síðast undir stjórn Vasily Petrenko síðla árs 2010.

Fimmta sinfónían er einnig athyglisvert dæmi um það sem nefnt hefur verið „framsækin tónmiðja“ (*progressive tonality*), sem þýðir að verkið hefst í einni tóntegund og lýkur í annarri, og að verkið sem heild má líta á sem þróun – jafnvel eins konar ferðalag – frá fyrri tónmiðjunni til hinnar síðari. Dúr og moll eru andstæðir pólur í allri tónsköpun, en í tónlist Mahlers fá tóntegundirnar myndræna líkingu. Líf og dauði kallast á, og dökkir moll-hljómarnir leita sífellt upp á við. „Per ardua ad astra“, sagði Mahler: „Gegnum erfiðleikana til stjarnanna“. Í fimmtu sinfóníunni er þessu einnig svo farið. Þótt aðeins sé um að ræða lítið hálfþónsbil er leiðin engu að síður löng og fjarri því að vera auðfarin, frá cis-moll – dimmri tóntegund dauðamarsins – yfir í D-dúr, bjartan og sigurvissan.

Sinfónían er í fimm köflum, sem Mahler skiptir niður í þrjá hluta. Fyrsti og annar þátturinn mynda fyrsta hluta verksins. Fyrsti þátturinn ber yfirskriftina „Jarðarfararmars. Með hægu tónfalli, alvarlega, eins og líkfylgd“. Lúðrabýturinn gefur tóninn strax í upphafi. Stefið, sem fengið er að láni úr austurrískum herlúðramerkjum, er grimmt og miskunnarlaust. Þótt fyrsta innkoma hljómsveitarinnar sé glæsileg líða aðeins nokkrir taktar þar til allir hrapa niður í hyldjúpt svartnættið. Í kaflanum skiptast á tvær gerðir tónlistar: grimmur og miskunnarlaus mars annars vegar, hins vegar blíðara stef í strengjunum – draumsýn eða ljúfsár endurminning. Eftir nokkur dramatísk upphlaup lýkur þættinum á jarðarfararstefinu enn eina ferðina, en nú er það leikið ofurveikt, eins og líkfylgdin fjarlægist smátt og smátt.

Annar kaflinn er ekki ósvipaður í efnistöðum, eins konar úrvinnsla á jarðarfarartónlistinni í fyrsta kafla. Þátturinn er einn sá stormasamasti og örvæntingarfullsti sem Mahler samdi. Ómstríðir hljómar í fiðlum og blásurum hljóma eins og örvæntingarfull hróp, en ljóðrænni stef fá einnig sinn skerf, þótt

sum þeirra eigi reyndar upptök sín í millistefjum fyrsta kaflans. Um miðbik þáttarins tekst tónlistinni að hífa sig upp í glæstan D-dúr og um skeið virðist símfónían stefna að glæsilegum hápunkti. Þegar til kemur er þó aðeins um talsýn að ræða. Bjartir dúr-hljómarnir grotna niður án þess að takmarkinu sé náð og þátturinn rennur smám saman út í þögnina.

Miðhluti símfóníunnar er viðamesti scherzókafllinn í símfóníum Mahlers, lengsti kafli verksins og sá flóknasti hvað form varðar. Hér er tígulegur D-dúrin loks farinn að ná undirtökunum í tónlistinni. Upphafið sver sig í ætt við austurrískan *ländler*, sveitadans í þrískiptum takti, en líkt og áður úir og grúir af sundurleitum tónhugmyndum sem skiptast á með ógnarhraða. Fjórði kafllinn, hið fræga *Adagio*, er „söngur án orða“ fyrir strengi og hörpu. Hér er mikill fjársjóður fölginn í fáum tónum. Laglínan, full trega og söknuðar, er alla jafna leikin af fiðlunum en studd af safaríkum undirleik neðri strengjanna og kyrrlátum hörputónum.

Lokapátturinn er blanda af rondó-, sönötu- og fúgu-formum. Í stærra samhengi snýst kafllinn um „leitina að rétttri tóntegund“, því þótt glaðlegt og ferskt rondó-stefið sem heyrir í upphafi kaflans sé að vísu í D-dúr – „hetjutóntegundinni“ sem verkið stefnir að – villist tónlistin fljótt af vegi. Mahler var á heimavelli þegar kom að því að byggja upp væntingar sem aldrei rætast; hér byggir hann tvisvar upp stórfenglega hápunkta sem springa á limminu og hverfa út í tómið þegar síst skyldi. Að lokum kemst kafllinn þó á rétt ról, og honum lýkur með björtum og skínandi D-dúr hljómmum eins og vonir stóðu til.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Í FJARLÆGUM HEIMI

Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 19.30



Á rauðum áskriftartónleikum 24. nóvember verður heillandi og fjölbreytt efnisskrá undir stjórn Ilans Volkov, nýs aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem hefur hlotið frábærar undirtektir fyrir starf sitt hingað til. Á tónleikunum verður frumflutt verkið *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Sinfónía nr. 4 eftir Johannes Brahms, og sellókonsert í flutningi eins af okkar fremstu hljóðfæraleikurum af yngri kynslóðinni.

Sæunn Þorsteinsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli á undanförunum árum fyrir innblásinn og ástríðuþrunginn leik sinn. Hún útskrifaðist með meistaragráðu frá Juilliard árið 2008 og hefur undanfarin ár starfað í kammerhópi á vegum Carnegie Hall. Heimsfrægir tónlistarmenn á borð við Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida hafa valið hana til að leika með sér kammertónlist, og fyrir skömmu hlaut hún sérstakt lof gagnrýnanda New York Times fyrir hrifandi spilamennsku.

Á þessum tónleikum leikur Sæunn einn af eftirlætis konsertum sínum, eftir franska meistarann Henri Dutilleux, sem nú er kominn hátt á tíræðisaldur. Dutilleux hefur samið tónverk innblásin af öðrum listgreinum, m.a. málverkum Vincents van Gogh, en í þessu verki er útgangspunkturinn hending úr *Les fleurs du mal* eftir Baudelaire: „Heill heimur, fjarlægur, fjarrænn, nærri því dáinn.“ Konsertinn hefur verið talinn einn merkasti sellókonsert 20. aldar allt frá því að Rostropovitsj frumflutti hann árið 1970. Það er löngu tímabært að þetta litríka og göldrum gædda verk hljómi á Íslandi í fyrsta sinn.

UNGSVEITIN 2011 Á TÓNLEIKUM

6. nóvember 2011

1. FIÐLA

Hlér Kristjánsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þuríður Helga Ingvarsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Pétur Björnsson
Ísak Ríkharðsson
Stefanía Gunnarsdóttir
Marín Ingibjörg McGinley
Chrissie Telma Guðmundsdóttir
Alma Katrín Einarsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson

2. FIÐLA

Guðbjartur Hákonarson
Nína Lea Z. Jónsdóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Ester Petra Gunnarsdóttir
Pétur Úlfarsson
Þórdís Ylfa Viðarsdóttir
Eva Hauksdóttir
Vilborg Magnúsdóttir
Anna Garðarsdóttir
Fidel Atli Gasparsson

VÍÓLA

Ásta Kristín Pjetursdóttir
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Vera Sjöfn Ólafsdóttir
Embla Þorfinnsdóttir
Hrefna Rós Hlynsdóttir
Karen Eik Sigurðardóttir

SELLÓ

Geirþrúður Anna Guðmundsd.
Ragnar Jónsson
Þórður Þorsteinsson
Steiney Sigurðardóttir

Skúli Þór Jónsson
Karítas Þorvaldsdóttir
Sigríður Kristjana Ingimarsd.
Heiður Lára Bjarnadóttir
Ingunn Erla Kristjánsdóttir
Hjörtur Páll Eggertsson

BASSI

Alexandra Kjeld
Bára Gísladóttir
Aron Jakob Jónsson

FLAUTA

Nína Hjördís Þorkelsdóttir
Kristín Hulda Kristófersdóttir
Björg Brjánsdóttir
Edda Lárusdóttir

ÓBÓ

Össur Ingi Jónsson
Gillian Haworth
Guðrún Másdóttir

KLARINETT

Baldvin Tryggvason
Stefán Ólafur Ólafsson
Kristín Þóra Pétursdóttir

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason
Oddný Þórhallsdóttir

HORN

Rakel Björt Helgadóttir
Halldór Bjarki Arnarson
Guðmundur Andri Ólafsson
Arve Eriksson
Erna Ómarsdóttir
Hlín Þórhallsdóttir
Ýr Jóhannsdóttir

TROMPET

Óðinn Melsted
Elisa Guðmarsdóttir
Hulda Lilja Hannesdóttir
Daníel Jakobsson

BÁSÚNA

Finnbogi Darri Guðmundsson
Einar Bragi Björnsson
Haraldur Prastarson

TÚBA

Egill Fabien Posocco

HARPA

Hallgrímur Davíð Egilsson

PÁKUR

Emil Þorri Emilsson

SLAGVERK

Þórhallur Arnar Vilbergsson
Örvar Erling Árnason
Jón H. Geirfinnsson

AUK ÞESS LEIKA

MEÐ EFTIRTALDIR HLJÓÐFÆRALEIKARAR ÚR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS:

Sif Margrét Tulinius, fiðla
Greta Guðnadóttir, fiðla
Helga Þórarinsdóttir, víóla
Svava Bernharðsdóttir, víóla
Hávarður Tryggvason, bassi
Jóhannes Georgsson, bassi
Þórir Jóhannsson, bassi



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Þú ert stjórnandinn

Regnbogakort er hagkvæmasta leiðin til að setja saman eigin tónleikaröð og tryggja sér gott sæti. Áskriftin veitir 50% afslátt fyrir 25 ára og yngri á verðsvæðum 2 og 3. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is.

Sala áskrifta er í miðasölu Hörpu.

